



## Stjórnarfundur AKÍS -

**Staður og tími:** Google Hangouts - 23.1.2018 kl. 18:00

**Mætt:**

Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Ragnar Róbertsson (RR), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Torfi Arnarson (TA), Einar Gunnlaugsson (EG)

**Fjarverandi:**

Garðar Þór Garðarsson (GPÞ), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS)

ÞA ritaði fundargerð.

---

**1. #metoo**

Vænst er að ÍSÍ komi með tillögur að verklagsreglum fyrir íþróttahreyfinguna í þessum efnunum, stjórn AKÍS telur rétt að leggja slíkar reglur fyrir ársþing AKÍS 2018. Samþykkt að forsvarsmanni WiM á Íslandi (Katrínu Maríu Andrésdóttir) og nefndarmanni okkar í FIA WiM Commission (Guðný Jóna Guðmarsdóttir) verði falið að fylgja þessu eftir ásamt framkvæmdastjóra.

**2. Rally öryggisnámskeið í Dublin**

Torfi Arnarson sagði frá námskeiðinu í grófum dráttum og hvað hefði komið á óvart og hvað lært. Skoðað að halda kynningarfund á efninu sem farið var yfir.

**3. Samningur vegna mótakerfis**

Samþykkt drög að verksamningi. EG bókar að hann er á mótí þessu skráningarkerfi AKÍS.

**4. FIA Women Drivers Academy**

Send voru nöfn þessara kvenna, sem gefið höfðu leyfi sitt til þess: Sigríður Þóra Valsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Anna Jóna Garðarsdóttir og Hanna Rún Ragnarsdóttir.

**5. Breyttar kröfur FIA vegna hjúkrunaraðstöðu**

Breytingar hafa orðið á kröfum FIA þar sem stutt er á sjúkrahús, þarf ekki jafnfullkomna sjúkraaðstöðu.



## 6. Vinna vegna ársþings

Fara þarf yfir breytingar á lögum og reglum sem leggja þarf fyrir Ársþing 2018:

- Keppnisreglur AKÍS 2018
- Lög AKÍS 2018
- Reglugerð um dómnefndir AKÍS 2018

Ákvörðun um dagsetningu yfirferðar á þessum skjölum tekin fyrir á næsta fundi.

## 7. Borgarholtsskóli

AÍH undir stjórn Páls Pálssonar eru að skipuleggja aðstoð vegna smíða á keppnistæki í rallycross.

Samþykkt að TA leiði vinnu AKÍS við að skipuleggja kynningu á bílaviku Borgarholtsskóla.

## 8. Önnur mál

**Búr í keppnistækjum í drift:** SGS fundar með TMP til að senda formlega fyrirspurn til tæknideildar FIA.

**Blæjubílar í akstursípróttum:** SGS spurði um slíkt og fékk þær upplýsingar að yfirleitt væri þetta bannað.

**NEZ mót í torfæru:** Svíar hafa fengið neitun á notkun á landsvæði í Gotlandi sem þeir höfðu augastað á. Þeir eru að reyna að sækja um stað rétt sunnan Stokkhólms. Þeim hefur verið gefinn 48 tímar til svara, að öðrum kosti verða skoðaðir möguleikar á að halda keppnina á Akureyri eða Egilsstöðum.

**Reglur á vef AKÍS:** EG spurði um hvort allar reglur væru komnar á vefinn og var sagt að svo væri. Torfæruleglur á þó aðeins eftir að staðfæra vegna dagsetninga sem í þeim eru. EG bað um að það væri tekið fram ef eldri reglur giltu áfram fyrir árið í ár.

## 9. Næsti fundur

6. febrúar 2018 @ 17:15 í fundarherbergi GSÍ.